# Frá spákaupmennskusvindli yfir í stríð




**Detti einhverjum í hug að alþjóða fjármálaskjálftinn sé yfirstaðinn hefur sá rangt fyrir sér! Jarðskjálftamælar fjármálamarkaðarins hafa aldrei slegið hærra þetta árþúsundið en nú.  Fyrir átta árum gerðist það sem varað hafði verið við og brennimerkt sem samsæriskenning:  Óseðjandi græðgi stóru fjárglæframannanna færði fjármálakerfi heimsins að barmi hrikalegs hengiflugs. En í stað þess að draga orsakavald þessa fyrirsjáanlega hruns til ábyrgðar, sögðu ríkisstjórnirnar að fjármálastofnanir þeirra væru „too big to fail“  þ.e.a.s. „of stórar til að falla“  og björguðu þeim með skattpeningum okkar; Peningum sem heiðarlegt fólk vann fyrir hörðum höndum. Þannig bera saklausar þjóðir alla skuldabyrgði þessara fjárglæframanna sem maður nefnir bankastarfsmenn og stjórnmálamenn.**

Detti einhverjum í hug að alþjóða fjármálaskjálftinn sé yfirstaðinn hefur sá rangt fyrir sér! Jarðskjálftamælar fjármálamarkaðarins hafa aldrei slegið hærra þetta árþúsundið en nú. Fyrir átta árum gerðist það sem varað hafði verið við og brennimerkt sem samsæriskenning: Óseðjandi græðgi stóru fjárglæframannanna færði fjármálakerfi heimsins að barmi hrikalegs hengiflugs. En í stað þess að draga orsakavald þessa fyrirsjáanlega hruns til ábyrgðar, sögðu ríkisstjórnirnar að fjármálastofnanir þeirra væru „too big to fail“  þ.e.a.s. „of stórar til að falla“ og björguðu þeim með skattpeningum okkar; Peningum sem heiðarlegt fólk vann fyrir hörðum höndum.  Þannig bera saklausar þjóðir alla skuldabyrgði þessara fjárglæframanna sem maður nefnir bankastarfsmenn og stjórnmálamenn.

Myndrænt séð er það líkt og að skuldlaus góðborgari yfirtaki alla greiðslubyrði yfirskuldaðs spilafíkils og leggi inn á sparireikninginn hans í stað þess að refsa honum.  Fíkillinn veðjar fénu strax aftur því enginn sigur hefur fengist yfir spilafíkn hans … en að þessu sinni er hún verri en áður … og aftur á kostnað bjargvættarins.

Hinir raunverulegu orsakavaldar fjármálahrunsins voru í raun verðlaunaðir fyrir hegðun sína. Því fyrir þá voru prentuð heilu fjöllin af peningum og þeim afhent til umráða á sífellt lækkandi vöxtum.

Stjórnmálin halda því fram að þessi upphæð sé til nýrra fjárfestinga og keyri þar með upp raunverulegan efnahag.  Þarna er almenningur hinsvegar beittur blekkingum.  Því að í raun og veru staðsetur fjármálaiðnaðurinn lungann af þessum peningum aftur í spákaupmennsku og inn á fjármálamarkaðina … með enn meiri áhættusækni en nokkru sinni fyrr.  Því að fenginni fyrrnefndri reynslu hefur þeim skilist að þeir séu „too big to fail“  þ.e.a.s. of stórir til þess að vera látnir falla.

Á þennan máta þvinga sömu spákaupmennirnir efnahagslífið áfram niður á hnén, og það í beinu framhaldi þess að bjarga þurfti öllu fjármálakerfinu úr greipum alheimsgjaldþrots vegna þeirra.  Hver þeirra þjóða sem báru skaða af hruninu gæti hugsanlega verið sammála því að sömu spákaupmennirnir héldu stjórnlausu fjárhættuspili sínu áfram?

Þjóðirnar er því eins og hjálparvana, útivinnandi mæður með atvinnulausa eiginmenn sem drekka og spila á glæ hverri krónu sem þær eignast.

Gjáin milli þeirra sem lifa á peningum fengnum með fjárfestingum, og þeirra sem lifa á brauðstriti í sveita síns andlitis - verður m.ö.o. sífellt stærri.

Nú tekur þessi þróun samt enn dramatískari víddir því allar fyrri mótaðgerðir dugðu ekki til og sköpuðu nýjar áhættur í ofanálag. Hvernig stendur á þessu? Nú, það er mjög einfalt:

Hið nýja fjármagn sem hafði verið prentað árum saman, streymdi ekki út í efnahagslífið eins og reynt hafði verið að láta líta út fyrir, heldur inn í lána-, hlutabréfa- og fasteignakerfið. Þetta kallar náttúrulega óhjákvæmlega fram virðisminnkun eða verðbólgu peninganna. Vegna óseðjanlegrar græðgi stórra markaðsmanna eða fjármálabraskara, urðu til risavaxnar bólur sem geta sprungið hvenær sem er og skapað stórkostlega skelfingu á mörkuðunum.
Hvernig á sér slíkt arðrán stað í reynd? Mjög einfalt: Með því að forstjórahæð fyrirtækjasamsteypanna kaupir t.d. verðbréfin sín til baka. Leikmaður gæti spurt sig hvers vegna gera þeir slíkt. Svarið er mjög einfalt: Á þennan hátt geta þeir hækkað lánshæfnismat sitt, þ.e.a.s. eigin bitlinga. Og það hleypur ósjaldan á hundruðum milljóna — á mann, á ári.

Stærsta hættan leynist þó enn á bak við afleiðusamningana. Eða fjármálaveðmálin eins þau heita á mannamáli. Umfang þeirra er metið sem stendur skv. „Alþjóða greiðslubankanum (Bank for International Settlements)“ á eitthvað um 55 billjónir dollara. Innanbúðamenn tala jafnvel um 1,5 trilljónir dollara. (Hér kemur samanburðarlínurit sem sýnir hversu miklu hærri þessar tölur eru heldur en t.d. vergar þjóðartekjur á ári fyrir allt Sviss).
Meðal þessara fjárveðmála sem eru algerlega ótengd efnahagslífinu, verður sérstaklega að hafa orð á skuldatryggingarálaginu (CDS) og credit-swaps, sem fjárhagslegum tímasprengjum.

Afleiðusamningar er regnhlífarhugtak yfir risastóran verðbréfa alheim. Afleiðusamningar hafa ekkert eigið verðgildi. Þetta eru afleiður (derivare lat.: = ableiten) annarra fjármála og verðmæta - þær vaxa með vexti þeirra eða falli.

Þar að auki eru afleiðusamningar yfirleitt afgreiddir án eftirlits eða otc „yfir búðarborðið“ (over the counter). Það þýðir að afleiðusamningarnir eru tvíhliðasamningar á milli tveggja viðskiptaaðila án þess að eftirlit eigi sé stað. Þess vegna koma þessir afleiðusamningar ekki fram í efnahagsreikingum bankanna heldur eru áhættuþættir efnahagsreikninga huldir.
Stærstur hluti þessa afleiðusamninga eru svokölluð vaxtaskipti (Credit default swaps) þar sem tveir samstarfsaðilar gera með sér samning um að skiptast á vaxtagreiðslum innan fyrirfram ákveðnis tíma. Þannig er öll vaxtabyrðin reiknuð inn í lánstímann. Vaxtaáhættan er því tryggð. Vaxtaskipta-afleiður (credit default swaps derivates) ásamt yfirskuldsettum ríkiskössum nokkurra ríkja, eru aðalástæður þess að seðlabankarnir geta ekki hækkað stýrisvextina heldur þurfa stöðugt að lækka þá og jafnvel niður í neikvætt vaxtar svið. Í stuttu máli: Að snúa aftur til fyrri vaxtagilda er því útilokað.

Hvað munu stjórnvöld og fjármálaiðnaðurinn gera í kjölfari þessa? Eins hræðilega og það hljómar: Svo lengi sem maður sýnir ekki skuldaranum, þ.e.a.s. spilafíklunum og vanþakklátu spákaupmönnunum hvar Davíð keypti ölið, mun hinn vinnandi lýður áfram þurfa að halda þeim á floti.

Og hvað verður þegar móðirin sem vinnur hörðum höndum fyrir skuldum áfengissjúka eiginmanns síns, getur ekki lengur greitt skuldirnar? Því fjárglæfraskuldir þessara alheimsspilara aukast sem stendur með veldisvexti.

En nú skuluð þið spenna beltin: Tvisvar á síðasta árhundraði gripu þessir drottnarar sem orsaka þetta, til annarra aðgerða, enn ótrúlegri. Hér er um að ræða árin 1914 og 1939. Sem stendur á sér stað hernaðarleg uppbygging um allan heim. Ögranir USA gegn Rússlandi, Kína o.fl. gefa til kynna að mikilvægustu stjórmálaöfl heimsins setji möguleikann á enn einu stórstríðinu í æðsta forgangsatriði. Sá sem heldur að siðferðisprédíkanir yfir þessum öflum komi í veg fyrir stríð, hefur ekki skilið sögu 19. og 20. aldarinnar eða jafnvel gleymt henni:

Alltaf þegar stór-spákaupmenn áttuðu sig á að einhver bein ógn stóð af spilafíkn sinni þá hikuðu þeir ekki eitt andartak við að beita síðasta trompinu: STRÍÐI!

Þessi fjármálaelíta með sín áhrifamiklu pólítísku tengsl, græðir nefnilega líka á sérhverju stríði. Því ekki bara verslar hún með hráefni, landrými og samfélagsleg verðmæti heldur öllu fremur með vopn, með virkileg þungavopn. Þeir hafa alltaf sætt sig við þjáningu annarra til að auka eigin persónulegan hagnað og ávinning - með glöðu geði.

Sá sem vill koma í veg fyrir að þessi óskiljanlegi harmleikur endurtaki sig, ætti að hjálpa til að breiða út útsendingar af þessu tagi.

**eftir is.**

---

**Heimildir:**

-

---

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

#Fjarmal - Fjármál - www.kla.tv/fjarmal

---

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

---

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence: Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.